



MÁNUDAGUR 24. APRÍL 2017

Heimili




Anna Þórunn ætlaði að verða dansari en fann sína hillu í vöruhönnun. MYND/GVA

Lífir fyrir vinnuna

Anna Þórunn Hauksdóttir ætlaði að verða dansari en fór í vöruhönnun og er einn fremsti vöruhönnuður landsins. ➔2

FYRIR OKKUR



Sérvalið fyrir íslenskar aðstæður.
Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Anna Þórunn hefur hannað marga fallega hluti sem eiga það sameiginlegt að vera stílhreinir og um leið með mikið notagildi. Hún ætlaði þó ekki að verða vöruhönnuður heldur átti sér þann draum að verða dansari.

„Sá draumur rættist þó ekki þannig að ég átti erfitt með að finna mér minn farveg í mörg ár og var mjög ósátt við það. Ég byrjaði að finna mína leið í átt að hönnun í Róm þar sem ég fór í skartgripahönnun í IED en ég fann mig ekki alveg í því námi, né í gullsmíði sem ég prófaði líka. Það var ekki fyrr en nokkrum árum eftir að ég fluttist heim frá Ítalíu að ég fór á list- og hönnunarbraut í lönskólanum í Hafnarfirði og þá fann ég loksins hvað ég vildi gera við líf mitt. Eftir að hafa útskrifaðast þaðan með tvenn verðlaun í farteskinu sótti ég um í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands og fékk inngöngu í námið,“ rifjar Anna Þórunn upp en hún útskrifaðist þaðan 2007 og hefur unnið sem sjálfstæður vöruhönnuður síðan þá.

Á nýliðnum HönnunarMars frumsýndi hún þrjá nýja hluti, sem eflaust eiga eftir að vekja athygli. „Þar sýndi ég vasann Prosper sem gefur nýja skynjun á blóm í vasa líkt og að blómin séu að koma upp úr jörðinni. Lok er á vasanum með misstórum götum en frá hverju gati fyrir sig liggur rör niður í vasann sem gefur blóminu styrk til að standa eitt og sér. Vasinn er úr pólýhúðuðu járn. Stólinn By 2 gerði ég í samvinnu við manninn minn, Gian Franco Pitzalis, en hann hafði lært af föður sínum í barnæsku að vefja stóla eins og tíðkast hefur á Sardiníu um aldir. Þriðji hluturinn er marmarapýramídi með spegli sem nýtist einnig sem skartgripahirsla,“ segir Anna Þórunn.

Fyrir stuttu komu í sölu kaktus-snagar úr gegnheilli eik, sem eru úr svonefndri Cowboy Dream collection sem hún frumsýndi á HönnunarMars á síðasta ári. Spegill úr þeirri sömu línu er væntanlegur á markað innan skamms.

Tímalaus hönnun

Innt eftir því hvað Anna Þórunn hafi í huga þegar hún hannar nýja gripi segist hún eftir fremsta megni reyna að hanna hlut sem getur lifað áfram um ókomna tíð. „Ég leitast við að hanna hlut sem er einfaldur og tímalaus, þótt hann geti stundum verið undir áhrifum tískustrauma í það skiptið. Ég vil ná að hreyfa við fólki með hlutunum mínum.“

Hún segir ekki skemmtilegra að hanna einn hlut fremur en annan.



Það er líkt og að blómin séu að koma upp úr jörðinni. Lok er á vasanum með misstórum götum en frá hverju gati fyrir sig liggur rör niður í vasann sem gefur blóminu styrk til að standa eitt og sér.



Einfaldleiki einkennir hönnun Önnu Þórunnar.

“Ég leitast við að hanna hlut sem er einfaldur og tímalaus, þótt hann geti stundum verið undir áhrifum tískustrauma í það skiptið.

„Það skiptir hreinlega engu máli, svo lengi sem ég fæ að hanna því ég hreinlega lifi fyrir vinnuna mína. Án hennar þrífst ég illa.“

Anna Þórunn fær hugmyndir að hönnun úr nánasta umhverfi sínu, hversdagsleikanum, minningum eða tilfinningum. „Hlutirnir mínir



Anna Þórunn Hauksdóttir er einn fremsti vöruhönnuður landsins.



„Stólinn By 2 gerði ég í samvinnu við manninn minn, Gian Franco Pitzalis, en hann hafði lært af föður sínum í barnæsku að vefja stóla eins og tíðkast hefur á Sardiníu um aldir.“

eru mjög persónulegir og oft hefur mér fundist það óþægilegt. Í dag er ég hins vegar mjög sátt við það sem ég hef afrekað því auðvitað sjóast maður með árunum en ég á akkúrat 10 ára útskriftarafmæli sem vöruhönnuður nú í maí.“

Þegar Anna Þórunn er spurð hvaða hlutur af þeim sem hún hefur hannað sé í mesta upphaldi segist hún eiga erfitt með að gera upp á milli þeirra. „Því þeir eru rétt eins og börnin mín en líklega held ég mest upp á blaðagrindina Rúdolf sem ég hannaði í lönskólanum í Hafnarfirði 2004. Rúdolf hefur orðið fyrir mestu vöruþróuninni af vörunum mínum en sl. mánuði hef ég verið í samræðum við erlend fyrirtæki með framleiðslu á honum.“

GARÐAR OG HELLULAGNIR

Sérblað um garða og hellulagnir kemur út fimmtudaginn 27. apríl

Áhugasamir geta haft samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson


Sími 512 5429
jonivar@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ



Graníthöllin er flutt í Mörkina 4


Opnunartilboð - **30% afsláttur** af öllum legsteinum, aukahlutum og allri okkar þjónustu.



NR. 1002 GS



NR. 118 PAR



NR. 129-3 SHANXI BLACK

FYLGIRHLUTIR FYLGJA EKKI MEÐ
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

VIÐHALD & ÞRIF LEGSTEINA

30% AFSLÁTTUR AF ALLRI
VINNU OG ENDURMÁLUN

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á
STEININUM? GRANÍTHÖLLIN TEKUR
AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA
LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM
VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEG-
STEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.



MÖRKIN 4,
REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Bílar & Farartæki

bilfang.is
S. 567 2000



FRÁBÆRT VERÐ / DIESEL
Volvo XC90 D5 Diesel árg 2006 ek
192 Leður, Sjálfskiptur Nú á aðeins
1990 þús !!!



9 MANNA !
Ford Transit Tournéo Titanium
07/2016 ek 18 þ.km 6 gira , vel
búinn , Kostar nyr 7.2 mil OKKAR
VERÐ 5,4 mil !!!



KASSABILL !
Iveco Daily Kassabill m/lyftu
11/2010 ek 98 þ.km verð aðeins 2.8
+ VSK !!!



VOLVO V70 D3
Volvo V70 D3 Momentum Diesel
10/2015 ek 37 þ.km sjálfskiptur
/ Glæsilegt eintak, ný dekk ! Verð
4290 þús / skipti möguleg !



SJÁLFSKIPTUR/DIESEL !
Mazda 6 Vision Diesel 09/2013 ek
59 þ.km , Flottur bíll sem sér ekki á !
Verð 2.990 þús !!

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag !
www.bilfang.is



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á
öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
<http://www.krokur.net>



Suzuki fjörgengis utanborðsmótorar
Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir
og áreiðanlegir. Eigum flestar
stærðir á lager.

SUZUKI UMBØÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Bílar óskast

þarfnast billinn viðhalds eða viltu
einfaldlega losna við hann. S.
8682352

Vissir þú að...
börn eiga rétt á aðstoð
og hjálpi ef þau koma í ofbeldi

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Hjólbarðar



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á
FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum
notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Varahlutir

Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við
sig verkefnum í bæði viðhaldi og
nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.
Uppl. í s. 663 5315

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun -
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif
eftir iðnaðarmenn thvegillinn.
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir
menn.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur
og stofnun fyrirtækja. Fagleg
vinnubrögð á sanngjörnu verði.
Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511
2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., þjálf. o.fl. Extra
stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj.
Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK -
FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN
- TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994



Hurðir & Gluggar
www.hurdirogluggar.is
Kaplakrauni 17 • Hafnarfirði
S: 565 4123 • eljo@internet.is

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu,
getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg
fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis
og viðkomandi einstaklings að vel
takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu
hvað við getum gert fyrir þig.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum
við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan
bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum
til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.